

Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2016



Efnisyfirlit

Ávarp rektors.....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands.....	4
Auðlinda- og umhverfiseild.....	5
Starfs- og endurmenntunardeild.....	7
Landgræðsluskóli Háskóla sameinuðu þjóðanna.....	9
Kennslusvið.....	10
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2014.....	11
Rannsóknasvið.....	14
Rekstrar- og þjónustusvið.....	19
Fjármál.....	21
Útgáfa.....	22
Ritaskrá starfsmanna.....	24
Starfsmenn.....	28
Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 6. júní 2014.....	31

Ávarp rektors

Á árinu 2016 voru innleiddar nýjar starfsreglur fyrir skólann eftir umsagnarferli meðal starfsmanna og samþykkt í háskólaráði. Voru reglurnar birtar í marsmánuði. Sú meginbreyting sem reglubreytingin fól í sér var sameining háskóladeildanna tveggja, Auðlindadeildar og Umhverfiseildar í eina sameiginlega Auðlinda- og umhverfiseild. Jafnframt skyldi sérstakur deildarforseti ráðinn til 4 ára í senn til að veita deildinni forstöðu. Í þessu skyni var Auður Magnúsdóttir lífefnafræðingur ráðinn í hlutverkið, en hún var valin úr hópi þriggja umsækjenda. Um leið og þessi breyting varð voru hlutverk aðstoðarrektora lögð niður. Áslaug Helgadóttir hætti því sem aðstoðarrektror og sviðsstjóri rannsóknasviðs (febrúar) en gegndi áfram umsjón framhaldsnáms og fulltrúi í framhaldsnámsnefnd fram að áramótum en hætti þá störfum við skólann. Nýr sviðsstjóri rannsókna Ása Aradóttir prófessor tók við því sérstaka hlutverki síðar á árinu. Brita Berglund tók við hlutverki sviðsstjóra kennslu og gæðamála.

Ný staða tilraunastjóra í jarðrækt var auglýst og var ráðinn í hlutverkið Hrannar Smári Hilmarsson. Jónatan Hermanson tilraunastjóri lauk störfum sem vegna aldurs í nóvemberlok. Sömuleiðis lauk Þórdís Anna Kristjánsdóttir störfum í árslok vegna aldurs. Til annarra starfa hurfu á árinu Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri, Heimir Gunnarsson umsjónarmaður reiðmannsins og Hrafnhildur Baldursdóttir sérfræðingur. Þá hætti Bjarni Guðmundsson sem forstöðumaður Landbúnaðarsafnsins en við því hlutverki tók Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

Töluverð vinna var lögð í að bæta starfsanda og undirbúa sameiningu deilda með starfsmannasamtölum m.a. með hjálp utanaðkomandi ráðgjafa og ráðningu mannauðstjóra Örnú Garðarsdóttur sem kom til starfa í nóvembermánuði. Öllum þeim sem luku störfum fyrir skólann eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf og nýir starfsmenn boðnir velkomnir.

Viðhaldi bygginga var fram haldið að nokkru í samræmi við áætlun, sumt gekk eftir en annað ekki. Meðal annars var ný líkamsræktaraðstaða tekin í notkun í kjallara Ásgarðs á Hvanneyri. Vegna viðvarandi skorts á viðhaldi bygginga á Reykjum og óviðundandi ástands þess vegna á skólastaðnum var verkfræðistofan EFLA fengin til að gera úttekt á ástandi bygginga. Starfsmaður skólans á Möðruvöllum Þóroddur Sveinsson flutti suður á árinu á starfsstöð skólans á Keldnaholti. Lauk þar með mannahaldi skólans á Möðruvöllum og merkum þætti í sögu skólans og undanfara hans.

Rekstur skólans árið 2016 var áfram undir miklu aðhaldi eins og undanfarin ár. Þó tókst með aðstoð Framleiðnisjóðs og með mótframlagi frá skólanum að kaupa reitasláttuvél sem mun brjóta blað í öllum tæknilegum aðbúnaði jarðræktartilrauna. Gerður samningur til þriggja ára við Umhverfissráðuneytið um kostun á vinnu skólans við kolefnisbókhald vegna loftslagssamnings sameinuðu þjóðanna. Þessi verkefni höfðu fram að þessari samningsgerð ekki verið fjármögnuð með eðlilegum hætti af stjórnvöldum.

Í upphafi ársins var eigið fé neikvætt um 390 m.kr. Í árslok var eiginfé hins vegar jákvætt um tæplega 19 m.kr. Hér munaði mest um niðurfellingu alþingis á uppsöfnuðum tekjuhalla skólans að fjárhæð 340,9 m.kr. í lokafjórðungi 2015. Í þessari aðgerð var litið til góðs árangurs skólans í að snúa við rekstri hans til betri vegar, en tekjuafgangur var um 68 m.kr. á árinu. Staða eiginfjár skólans í árslok var því sterkari en nokkru sinni áður í sögu skólans.

Björn Þorsteinsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans

Bjarni Stefánsson, valinn af Háskólaráði

Hilmar Bragi Janusson, valinn af Háskólaráði

Sigríður Hallgrímsdóttir, fulltrúi menntamálaráðherra (fram á haust 2016)

Margrét Gísladóttir, fulltrúi menntamálaráðherra (frá hausti 2016)

Þuríður Lilly Sigurðardóttir, fulltrúi nemenda

Helena Guttormsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Guðni Þorvaldsson, fulltrúi starfsmanna (fram á haust 2016)

Hafdís Hanna Ægisdóttir, fulltrúi starfsmanna (frá hausti 2016)

Auðlinda- og umhverfisdeild

Snemma árs 2016 voru háskóladeildir LbhÍ Auðlindadeild og Umhverfisdeild sameinaðar í eina deild. Jón Hallsteinn Hallsson, fyrrum deildarforseti Auðlindadeildar var starfandi deildarforseti nýrrar sameinaðrar deildar fyrstu mánuðina og Hlynur Óskarsson, fyrrum deildarforseti Umhverfisdeildar, staðgengill hans. Staða deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar var síðan auglýst og kom undirrituð til starfa þann 15. ágúst 2016. Fyrsti deildarfundur sameinaðrar deildar var haldinn 22. september 2016 þar sem kosið var í deildarráð og kosinn sviðsstjóri rannsókna, Ása L. Aradóttir. Þá voru skipaðir vinnuhópar um fyrirhögun og reglur um framhaldsnám og annar um fyrirhögun og reglur um námsbrautastjórnun. Báðir vinnuhópar skiluðu af sér tillögum sem voru samþykktar á deildarfundum 5. janúar 2017 og í framhaldi voru reglur um framhaldsnám staðfestar af háskólaráði. Þá samþykkti deildarfundur að setja í gang vinnu við stefnumörkun deildar en henni var ýtt formlega úr vör með stefnumótunardegi 3. febrúar 2017.

Faghópar deildarinnar hittust á fundum haustið 2016 og kynntu störf sín innan hópsins og fóru yfir stöðu síns rannsóknarsviðs og litu til framtíðar. Þessir fundir skiluðu sér síðan inn í stefnumótunarvinnu deildarinnar.

Enskt heiti deildarinnar, Faculty of Agricultural and Environmental Sciences, var valið í rafrænni innanhússkosningu eftir umræðu á deildarfundum.

Við Auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ eru reknar fimm skipulagðar námsbrautir: í búvísindum, náttúru og umhverfi, umhverfisskipulagi, skógfræði og skipulagsfræði. Sú síðasttalda er á M.Sc. stigi en hinar veita B.Sc. gráðu. Ennfremur býður deildin upp á einstaklingsmiðað rannsóknarnám á M.Sc. og Ph.D. stigi. Árið 2016 útskrifuðust 29 nemendur með B.Sc. próf og þrír með M.Sc. Þá lauk einn nemandi Ph.D. prófi; Niki Leblans sem varði doktorsritgerð sína: „Natural gradients in temperature and nitrogen: Iceland represents a unique environment to clarify long-term global change effects on carbon dynamics“.

Kjarnastarfssemi deildarinnar eru rannsóknir og kennsla á fræðasviðum landbúnaðar og umhverfis. Rannsóknir deildarinnar á árinu 2016 gengdu þá eins og áður mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi þar sem fáir aðrir sinna þessum málaflokkum. Áherslur árið 2016 voru svipaðar og fyrri ár en nefna má áherslur á fódrun húsdýra, endurheimt votlendis, áburðargjöf, uppfok rykefna á landinu, áhrif loftslagsbreytinga á Íslenska náttúru til dæmis skóg, og kynbætur á byggi. Árið 2016 birtust 25 ritrýndar greinar og bókakaflar sem vísindafólk Auðlinda- og umhverfisdeildar átti aðild að. Þeirra á meðal voru greinar úr alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og Forhot sem fjallar um áhrif jarðvegshitastigs á vistkerfi, og samstarfsverkefni um erfðafræðilegan uppruna og eiginleika íslenskra húsdýra. Tólf rit LbhÍ voru gefin út sem fjölluðu meðal annars um stöðu nautakjötsframleiðslu á Íslandi, flúor í beinum húsdýra og gerlamengun í höfnum.

Í árslok 2016 voru starfsmenn deildarinnar 50. Á árinu létu Jónatan Hermansson tilraunastjóri í jarðrækt og Áslaug Helgadóttir prófessor af störfum. Þau höfðu unnið að landbúnaðarrannsóknum um áratugaskeið og er þeirra sárt saknað. Einnig létu tveir verkefnaráðnir starfsmenn af störfum og einn hóf störf við deildina á árinu.

*Auður Magnúsdóttir,
forseti Auðlinda- og umhverfisdeildar LbhÍ*

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntanámið

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, lífrænni ræktun matjurta, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylrækt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2016 stundaði alls 39 nemandi nám á garðyrkjubrautum (í staðar- eða fjarnámi), þ.e. garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrækt, lífrænni ræktun matjurta og skrudgarðyrkju og í búfræði voru alls 89 nemendur, staðarnemendur og fjarnemar. Í byrjun júní voru 35 nemendur brautskráðir úr búfræði og 23 úr garðyrkju, þar af 9 sem einnig luku fullu verknámi.

Áframhaldandi góð aðsókn var í nám á starfsmenntabrautum LbhÍ haustið 2016. Alls bárust 62 umsóknir í búfræði, 38 nemendum var gefinn kostur á skólavist og 33 nemendur skiluðu sér í skólann. Alls bárust 85 umsóknir um skólavist á garðyrkjubrautum að meðtöldum umsóknum sem bárust að undangengnu raunfærnimati og hóf 71 nemandi nám við skólann að hausti.

Haustið 2015 hófst kennsla eftir nýrri námskrá í búfræði og var sá árgangur sem útskrifaðist vorið 2016 sá síðasti sem stundaði nám eftir gömlu námskránni. Fyrsti árgangurinn sem nam eftir nýrri námskrá á garðyrkjubrautum útskrifaðist vorið 2016 og var reynslan af nýju námskránni mjög jákvæð.

Starfs- og endurmenntunardeild LbhÍ tekur þátt í þróunarverkefni með Menntaskólanum í Borgarnesi um að bjóða upp á náms til stúdentsprófs af búfræðisviði. Nemendur innritast í MB og stunda þar nám í tvö ár þar sem þeir taka allar þær einingar sem annars vegar þarf til að komast inn í búfræði og hins vegar allar þær einingar sem þarf til stúdentsprófs. Að þessum tveimur árum liðnum eiga þeir nemendur, sem enn fremur hafa umtalsverða reynslu af bústörfum í sveit, kost á því að sækja um í búfræði við LbhÍ. Þegar þeir ljúka námi hjá LbhÍ útskrifast þeir annars vegar sem búfræðingar frá LbhÍ og hins vegar með stúdentspróf frá MB. Einn nemandi hóf nám í búfræði haustið 2016 eftir þessari leið.

Alls voru 8,5 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2016, þar af 2,5 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun LbhÍ

Á vegum Endurmenntunar LbhÍ voru 52 námskeið í boði á árinu 2016 með um 550 nemendum. Eins og ávalt þá eru námskeið LbhÍ haldin víða um landið og í ár voru námskeið í boði á einum tuttugu mismunandi stöðum um landið.

Langflest námskeið Endurmenntunar LbhÍ eru haldin í samstarfi við ýmis búnaðarsambönd, félagasamtök, stofnanir og aðrar menntastofnanir. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið saman að því með Endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufræðinga.

Þá hefur reglulega verið farið í s.k. átaksnámskeið og þá oftast en ekki þegar innleiðing á einhverskonar nýjungum eða nýjum verkferlum á sér stað. Eitt slíkt námskeið var haldið á um 7 stöðum á landinu á árinu og á árinu 2017 er fyrirhugað að hafa sama námskeið á einum 15 stöðum um landið. En þetta er námskeið í samstarfi við RML og búnaðarskrifstofur á hverju landssvæði fyrir sig. Á námskeiðinu er fjallað um og kennt á jarðræktarforritið Jörð.is. Breytingar hafa átt sér stað og með nýjum rammamunni um almenn starfsskilyrði í landbúnaði er skýrsluhald í Jörð.is forsenda fyrir styrkjum vegna ræktunar og landgreiðslna til bænda.

Ýmiss konar tómsundanámskeið nutu einnig mikillar hylli á árinu, svo sem námskeið í gerð húsgagna úr skógarviði, torf- og grjóthleðsla og sveppatínsla, svo eitthvað sé nefnt.

Reiðmaðurinn hélt áfram og á vorönn 2016 voru fimm hópar í gangi, tveir af þeim útskrifuðust um vorið eftir tveggja ára nám við skólann, en það voru hópar sem höfðu aðstöðu í Spretthöllinni í Kópavogi og á Selfossi. Um haustið 2016 fóru tveir nýir hópar af stað, í Spretti í Kópavogi og á Selfossi. Hinir þrjú hóparnir sem byrjuðu sitt annað ár voru með aðstöðu á Flúðum, á Króki í Ásahreppi og í Sörlahöllinni í Hafnarfirði. Það voru því fimm hópar í gangi veturinn 2016-2017. Einnig voru tveir framhaldshópar í gangi á vorönn 2016. Í allt voru því 134 knapar í námi í Reiðmanninum árið 2016.

Nokkrar mannabreytingar urðu í verkefnastjórn Reiðmannsins en inn kom Hinrik Þór Sigurðsson reiðkennari og tamningamaður í staðin fyrri Heimi Gunnarsson og sér Hinrik nú um alla samþættingu á verklegri kennslu í Reiðmanninum sem og almennt utan um hald námsins. Gunnar Reynisson er í hlutastarfi við Endurmenntun LbhÍ og heldur utan um bóklega kennslu Reiðmannsins. Á hverjum námskeiðsstað fyrir sig er síðan einn staðarkennari sem kennir verklega kennslu á vinnuhelgum, þeir sem voru að kenna árið 2016 voru; Reynir Örn Pálmason, Þórdís Erla Gunnarsdóttir, Ísleifur Jónasson, Sigvaldi Lárus Guðmundsson og Halldór Guðjónsson, allt menntaðir reiðkennarar með mikla reynslu.

Endurmenntun LbhÍ hefur tekið virkan þátt í erlendum samstarfsverkefnum í gegnum tíðina. Eitt verkefni kláraðist með lokaskýrsluskrifum á árinu og var það Nordplus verkefnið Sheep value; Developing value-added SHEEPSKILLS in North Europe (NPAD-2014/10272). Samstarfsaðilar voru Centre for Programme LEADER and Agricultural Training Methodology í Litháen og Sheep and Goat Consult í Danmörku.

*Guðríður Helgadóttir
forstöðumaður Starfs- og endurmenntunardeildar*

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hóf göngu sína árið 2007. Meginmarkmið Landgræðsluskóla HSþ er að aðstoða þróunarlönd sem glíma við mikla landhnignun að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og græða upp illa farið land. Það er gert með því að bjóða hingað til lands sérfræðingum frá samstarfsstofnunum Landgræðsluskólans í sex mánaða nám í landgræðslu, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt vistkerfa. Með þjálfun starfsfólks samstarfsstofnanna Landgræðsluskólans byggist upp þekking innan viðkomandi stofnana og landa.

Árið 2016 voru 11 nemendur við nám í sex mánaða námi Landgræðsluskóla HSþ, fimm konur og sex karlar frá sjö löndum í Afríku og Mið Asíu: Gana, Kirgistan, Lesótó, Malaví, Mongólíu, Níger og Úganda. Hópurinn kom til landsins um miðjan mars og útskrifaðist 14. september. Alls hafa 87 manns útskrifast frá upphafi frá skólanum, 42 konur og 45 karlar. Námið skiptist í tvo meginhluta þar sem fyrstu þrjú mánuðir samanstanda af fyrirlestrum, hópavinnu og stuttum vettvangsferðum, en seinni hluti námsins er tileinkaður einstaklingsverkefni þar sem hver og einn nemi vinnur að rannsóknarverkefni sem tengist aðstæðum eða verkefnum vinnustaðarins í heimalandinu.

Á hverju ári kenna erlendir sérfræðingar við Landgræðsluskólann. Árið 2016 kom Dr Patrick L Shaver frá Oregon State University í Bandaríkjunum og kenndi við skólann. Dr Shaver er beitarsérfræðingur með yfir 40 ára reynslu sem sérfræðingur á sviði beitastjórnunar fyrir bandaríska landbúnaðarráðuneytið (USDA). Einnig urðu nemar Landgræðsluskólans þess heiðurs aðnjótandi að sitja fund með Dr Jane Goodall, einni þekktustu vísindakonu heims sem jafnframt hefur helgað líf sitt náttúru- og dýravernd. Dr Goodall er friðarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna og setti á laggirnar Stofnun Jane Goodall sem hefur það að markmiði að veita fólki innblástur og hvatningu til virkrar þátttöku í verndun og velferð dýra, sem og verndun jarðarinnar allrar. Dr Goodall stofnaði einnig Roots & Shoots samtökin sem hafa náð til þúsunda ungmenna í yfir 100 löndum með það að markmiði að efla og virkja ungt fólk til að leggja sitt af mörkum við náttúru- og dýravernd. Síðast en ekki síst sótti aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, Ísland heim og sat kynningarfund með fulltrúum allra fjögurra skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, sem eru auk Landgræðsluskólans: Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn og Jafnréttisskólinn.

Árið 2016 urðu nokkrar breytingar á stjórn Landgræðsluskólans. Formaður stjórnar frá upphafi, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, lét af störfum hjá Landgræðslu ríkisins sökum aldurs og þar með einnig sem formaður stjórnar Landgræðsluskólans. Við formennsku tók nýr landgræðslustjóri, Árni Bragason. Einnig tók Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri við af Jóni Loftssyni sem fulltrúi Skógræktar ríkisins í stjórn Landgræðsluskólans. Þar að auki bættist við einn meðlimur í fagråd skólans sem samanstendur af sex sérfræðingum frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, auk forstöðumanni Landgræðsluskólans.

Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða- og stjórn mála hjá Háskóla Íslands, bættist við hóp sérfræðinga í fagráði skólans.

Fastir starfsmenn Landgræðsluskólans eru þrír en auk þess koma margir að kennslu, leiðbeinslu við rannsóknarverkefni nema skólans og ýmsum fleiri verkefnum.

Hafdís Hanna Ægisdóttir
skólastjóri Landgræðsluskóla HSÞ

Kennslusvið

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi háskólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Starfsmenn á kennslusviði 2016 voru þessir:

- Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri
- Áslaug Helgadóttir var umsjónarmaður framhaldsnámsins til ársloka 2016.
- Helga Helgadóttir, náms- og starfsráðgjafi frá 1. janúar 2016. Helga er ráðin í gegnum samstarf við Háskóla Íslands og er í 25 % starfi við LbhÍ.
- Þórunn Reykdal alþjóðafulltrúi í hálfu starfi frá 1. febrúar 2015.
- Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) deildarfulltrúi
- Emma Heiðrún Birgisdóttir skólafulltrúi í hálfu starfi.
- Edda Þorvaldsdóttir verkefnisstjóri (10% fjarnám búfræði)

Náms- og starfsráðgjöf

Á vegum náms- og starfsráðgjafar voru nemendum veitt viðtöl um námstækni, persónuleg málefni, vegna námsvals, námsörðugleika og annað. Einnig voru haldnar kynningar fyrir alla nemendur fyrsta árs um námstækni, lestrar- og glósutækni og ýmis skemmri námskeið fyrir afmarkaða hópa um skyld efni.

Helstu verkþættir: Viðtöl við nemendur vegna námslegra og persónulegra þátta (á Hvanneyri, að Reykjum, í Reykjavík og í gegnum rafræn samskipti). Utanumhald og samningar vegna sértækra úrræða í námi og prófum (á Hvanneyri, að Reykjum, í Reykjavík og í gegnum rafræn samskipti). Samskipti við kennara og annað starfsfólk (á Hvanneyri, að Reykjum, í Reykjavík og í gegnum rafræn samskipti).

Þátttaka í nýnemakynningum (á Hvanneyri og Reykjum). Fyrirlestrar (á Hvanneyri). Þátttaka í Háskóladeginum fyrir hönd skólans (í Reykjavík). Fundir með Kennsluskrifstofu (á Hvanneyri).

Fræðsla til nemenda 2016: Kynning á störfum náms- og starfsráðgjafa, sértækum úrræðum og því að hefja nám á háskólastigi. Fyrirlestur um prófundirbúning og próftækni. Fyrirlestur um streitu og streitustjórnun.

Erlend samskipti

LbhÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum Menntaáætlun Evrópusambandsins, Menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla er ekki falla undir þessar áætlanir. Skólaárið 2016-2017 fóru alls fjórir nemendur frá LbhÍ í skiptinám, þar af einn bæði haust 2016 og vor 2017. Auk þess fór einn nemandi í starfsnám að lokinni útskrift, samtals 6 mánuði haust bæði haust og vor. Allir skiptinemarnir voru nemendur í umherfisskipulagi, tveir fóru til NMBU að Ási í Noregi, einn til SLU í Svíþjóð og til háskólans í Ljubljana í Slóveníu.

Haustönnina 2016 komu fjórir skiptinemar til LBHI; einn B.Sc. nemandi í náttúruvísindum frá Lettlandi og þrír B.Sc. nemar í umhverfisskipulagi, allir frá Þýskalandi. Meistara nemi frá Prag féll frá námi við skólann við upphaf haustannar af persónulegum ástæðum og og hafna varð öðrum, þar sem ekki var unnt að verða við óskum hans í hestafræðum.

Brautarstjóri umhverfisskipulags dvaldi í viku við samstarfsskóla í Ljubljana við kennslu og þjálfun, auk þess heimsóttu kennslustjóri og alþjóðafulltrúi samstarfsskóla í Freising í Þýskalandi, sem sent hefur flesta skiptinema til LBHI og kynntu sér skólann, námstækifæri fyrir nemendur LBHI og alþjóðamál. Doktorsnámskeið á vegum NOVA um lífrænar varnir í gróðurhúsum var haldið hjá LBHI á Hvanneyri og tékkneskur vísindamaður dvaldi við skólann í mánuð við rannsóknir á þörungafloðu verndarsvæðisins í Andakíl.

Auk þessa tók skólinn á móti allnokkrum starfsmannaheimsóknum bæði á háskóla- og starfsmenntastigi og hafði milligöngu um starfsnám eigin búfræðinema erlendis auk sænskra, danskra og norskra búfræði- og garðyrkjunema í gegnum Erasmus og Nordplus samstarfsverkefni.

Gæðamál LbhÍ 2016

Engin formleg gæðaúttekt var gerð árið 2016, en hins vegar skilaði skólinn s.k. eftirfylgniskýrslu (Follow-up Report) til Gæðaráðs íslenskra háskóla í maí. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu LbhÍ. Í þeirri skýrslu var sagt frá stöðu skólans almennt og skýrt frá framvindu í þeim endurbótum sem Gæðaráð lagði til í stofnannaúttekt sinni árið 2013. Síðan 2013 hefur margt gengið á hjá LbhÍ, meðal annars lækkandi fjárframlög og fækun starfsmanna, svo eðlilega hefur okkur ekki tekist að framfylgja öllum endurbótum sem Gæðaráðið lagði til. Á árlegum fundi með fulltrúum Gæðaráðs í maí 2016 var okkur sýndur fullur skilningur og eftirfylgniskýrslunni hrósað fyrir hreinskilni. Að þessu sögðu, þá hefur skólinn og starfsmenn hans, áorðað ýmislegt af því sem okkur var uppálagt af Gæðaráði, og einnig margt af því sem við höfum sjálf lagt til í eigin úttektum frá 2012, 2014 og 2015. Einnig ber að taka fram að gæðamál eru ekki einangruð fyrirbæri einungis tengd formlegum úttektum, heldur í eðli sínu samofin daglegri starfsemi skólans.

Af árangri í gæðamálum árið 2016 má hér nefna nokkur atriði. Með nýjum starfsreglum skólans, sem birtar voru í mars 2016, er gæðastarf orðið meira formgert en áður var. Meðal annars er þar skilgreint hlutverk sviðsstjóri kennslu- og gæðamála, sem hefur yfirumsjón með gæðamálum skólans. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og er fulltrúi LbhÍ í Ráðgjafanefnd Gæðaráðs, en þar eiga sæti fulltrúar frá öllum háskólum landsins. Frá janúar 2016 sinnir Brita Berglund þessu hlutverki í hlutastarfi. Rannsóknarmisseri er annað atriði sem er orðið meira formgert með nýjum starfsreglum. Af öðrum úrbótum 2016 ber að nefna ráðningu mannauðsstjóra í hlutastarfi og deildarforseta í fullt starf, og sameiningu háskóladeilda í eina deild í kjölfarið. Með þessari breytingu hafa möguleikarnir á samþættingu og samstarfi aukist verulega. Haustið 2016 var meðal annars unnið að nýjum verklagsreglum sem snúa að námsbrautarstjórnun og gerð minniháttar endurskoðun og samræmingu BS-námsskrár.

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2016

Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi

Aðalheiður Björt Unnarsdóttir	Búfræði
Arnar Már Sigurðarson	Búfræði
Birkir Heiðmann Aðalsteinsson	Búfræði
Einar Dan Jepsen	Búfræði
Elísabet Ýr Kristjánsdóttir	Búfræði
Garðar Smári Óskarsson	Búfræði
Guðmann Ásgeir Halldórsson	Búfræði
Guðni Hrafn Pétursson	Búfræði
Halldóra Halldórsdóttir	Búfræði
Hannes Bjarki Þorsteinsson	Búfræði
Hekla Karen Steinarsdóttir	Búfræði
Hreinn Guðjónsson	Búfræði
Ívar Karl Gylfason	Búfræði
Jón Þór Marinósson	Búfræði
Jón Kristján Sæmundsson	Búfræði
Karen Helga R Steinsdóttir	Búfræði
Magnús Örn Sigurjónsson	Búfræði
Markús Ingi Jóhannsson	Búfræði
Rakel Ösp Elvarsdóttir	Búfræði
Sigurbjörg Ellen Ottesen	Búfræði
Tinna Kristjánsdóttir	Búfræði
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir	Búfræði
Þorleifur Baldvinsson	Búfræði
Arndís Jóhanna Harðardóttir	Búfræði
Bjarni Bjarnason	Búfræði
Brynjar Ægir Ottesen	Búfræði - fjarnám
Guðný Linda Gísladóttir	Búfræði - fjarnám
Gunnar Pétur Sigmarsson	Búfræði - fjarnám
Helga Þórelfa Davids	Búfræði - fjarnám
Sigríður Þyri Þórarinsdóttir	Búfræði - fjarnám
Sigrún Marta Gunnarsdóttir	Búfræði - fjarnám
Sigurður Vigfús Gústafsson	Búfræði - fjarnám
Þórir Már Ólafsson	Búfræði - fjarnám
Þórunn Elva Þórðardóttir	Búfræði - fjarnám

Axel Sæland	Garðyrkjuframleiðsla
Ásta Agnes Jóhannesdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Drífa Björk Jónsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Hildur Ósk Sigurðardóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Marín Ásmundsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Mikael Einar Jarosz	Garðyrkjuframleiðsla
Sigríður Inga Magnúsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Stefán Freyr Barðason Nielsen	Garðyrkjuframleiðsla
Særún Stefánsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Aðalsteinn Ólafsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Atli Hjörvar Einarsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Erla Björg Arnardóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
Erlendur Björnsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Hörður Garðar Björgvinsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Sigurbjörn Hlöðver Jóhannsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Stanislaw Bukowski	Skrúðgarðyrkjubraut
Vignir Friðbjörnsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Þorsteinn J Hannibalsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Þröstur Þórsson	Skrúðgarðyrkjubraut

Auk þess 23 nemendur í Reiðmanninum, 33 fein námi á framhaldsskólastigi á vegum endurmenntunardeildar.

Háskólanám

Aldís Björk Sigurðardóttir	Búvísindi
Egill Gautason	Búvísindi
Guðrún Pálína Jónsdóttir	Búvísindi
Jónmundur Magnús Guðmundsson	Búvísindi
Magnús Ingimarsson	Búvísindi
Naomi Désirée Bos	Búvísindi
Rúnar Geir Ólafsson	Búvísindi
Sigríður Linda Þórarinsdóttir	Búvísindi
Sigurborg Hanna Sigurðardóttir	Búvísindi
Sigurlaug J Ó Þorsteinsdóttir	Búvísindi
Þorgerður Erla Bjarnadóttir	Búvísindi
Þuríður Hermannsdóttir	Búvísindi
Sigurlína Erla Magnúsdóttir	Hestafræði
Brynhildur Svava Ólafsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Guðrún Anna Óskarsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Heiða Lára Eggertsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Hinrik Konráðsson	Náttúru- og umhverfisfræði
Olga Dís Sævarsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Jóhanna Ólafsdóttir	Skógfræði og landgræðsla
Jón Auðunn Bogason	Skógfræði og landgræðsla
Anna Kristín Guðmundsdóttir	Umhverfisskipulag
Anna Margrét Sigurðardóttir	Umhverfisskipulag
Elís Guðmundsson	Umhverfisskipulag
Kamma Dögg Gísladóttir	Umhverfisskipulag
Ruth Guðmundsdóttir	Umhverfisskipulag
Rögnvaldur Þorbjarnarson	Umhverfisskipulag
Sigríður Embla Heiðmarsdóttir	Umhverfisskipulag
Þorsteinn Már Ragnarsson	Umhverfisskipulag
Lilja Dögg Guðnadóttir	Búvísindi - MS
Brynjar Þór Jónasson	Skipulagsfræði - MS
Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir	Skipulagsfræði - MS
Niki Ines W. Leblans	Umhverfisdeild - Ph.D.

Rannsóknarsvið


Í árslok 2016 voru samtals að meðtöldum sérfræðingum 37 akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands í 32,5 stöðugildum (1. tafla).

1. tafla Akademískir starfsmenn við LbhÍ í árslok 2016 og menntun þeirra				
	BSc	MSc	PhD	Alls
Prófessorar (ásamt rektor)			8	8
Dósentar	1		4	5
Lektorar	1	10	3	14
Aðjúntar	1	1		2
Sérfræðingar	2	5	1	8
Samtals	5	16	16	37
Hlutfall	14%	43%	43%	


Heildarkostnaður vegna rannsókna var rúmlega 650 m kr á árinu 2016. Af því voru 173,7 m kr kostaðar af sérstökum samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2013-2016. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum er renna stöðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda, svo sem að tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins, stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar, tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita, auk þess að stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt. Sértekjur úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, ásamt sérstökum framlögum frá fyrirtækjum og öðrum aðilum voru 119 m kr, sem er nokkur aukning frá undanförunum árum (2. mynd). Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans.

Rannsóknaverkefni sem unnið er að við skólann eru afar fjölbreytt og ná yfir vítt svið umhverfis, skipulags, landbúnaðar og auðlindanýtingar (sjá 2. töflu).

Starfsmenn kynna niðurstöður rannsókna sinna til á margvíslegan hátt, með greina- og skýrsluskrifum, kennslu, fyrirlestrum og jafnvel á samfélagsmiðlum. Mikil áhersla er lögð á birtingu í alþjóðlega ritrýndum tímari- tum og bókum, og komu 25 slíkar út á árinu (3. mynd).



2. mynd. Sértekjur LbhÍ 2009-2016.



3. mynd. Birtar ritrýndar greinar og bækur/bókakaflar eftir starfsmenn LbhÍ 2008-2016.

2. tafla. Virk rannsóknaverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands 2016. Verkefni sem komu ný inn á árinu eru auðkennd með bláu lettri.

Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum	Dreifing hreindýra
In situ varðveisla erfðaefnis í gömlum túnum	Fóðrun áa
Afkvæmarannsóknir á Hesti	Átgeta mjólkurkúa
Viðhald kartöflustofna	Fang gemlinga
PPP bygg	Misjafn sauður, hámörkun afurðaverðmætis
PPP rýgresi	Vaxtargeta nauta
Sameindakynbætur í bygg	Fædd og gengin lömb
AnGRN NordNet	Stakar mælingar og afurðir (nautgripir)
Erfðabreytileiki sauðfjárstofna	Norskt samstarf—forystufé—atferlisrannsóknir
FornDNA	Fósturlát í gemlingum
ArcticClover Norrænn rauðsmári í vörslu NordGen	Efnainnihald í mjólk
Sauðfé—Skuggi	Fóðrun aukalamba
Relics	Kregða í sauðfé
Val með erfðamörkum	Hnýslar í kálfum
Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs	Grænmeti og ber í ylraekt
Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum	Yrkisprófanir fyrir golfflatargrös
Þjónustugreiningar á jarðvegi	Upphitun íþróttavalla
Grasræktartilraunir og yrkisprófanir	Jarðarber, útiræktun
Vestnorrænar yrkisprófanir	Yndisgarðar
Fóðuröflun sauðfjárþúa	Skjólbelti framtíðar
Kornrækt og sáðskipti	Skjólbelti með vegum
Markvissar fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda	Nýting á lífrænum úrgangi til orkuframleiðslu
Jarðvinnsluaðferðir og bygg	Eldsneyti úr innlendu hráefni
6P svipgerðamælingar	Ferðamannastaðir, skipulag og sjónræn áhrif
Heiðrún—skýrsluhald	Búsetulandslandslag á norðurslóð
Námskeið—heimavinnsla	Borgarskógrækt
Atferli hrossa í stóði	NPP—Cereal products in the North
	NORA—Northern Cereals

Sköpunargáfan	Norðurflúor – flúor í búfé og gróðri á Íslandi
Þróun vistkerfa við landgræðslu	Norðurál umhverfissvöktun við Grundartanga
Vegvist—Endurheimt staðargróðurs	Hafnarlíf—úttekt á vatnsgæðum fyrir Faxaflóahafnir
Landbætur á sandsvæðum	Blæösp—kortlagning erfðamengis
EVREST—Mat á vistheimtarverkefnum	RYK—framleiðsla og dreifing á Íslandi
Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa	Erphys—umhverfisþættir og mælingar á Heklusvæðinu
CAR-ES—Norrænt öndvegissetur um rannsóknir á vistkerfisþjónustu skóga	Holuhraun—áhrif efnaákomu á vistkerfi
Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)	Blöndulón—mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda
Uppgræðsla með fræslægju	ITEX—áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi
Fræslægja í Vatnajökulsþjóðgarði	VeLoLa—Vegvísir til loftslagsvænni landbúnaðar
NUTR-CYCL—næringahringrásir í skóglendi	Water-Pro—Afrennsli frá landbúnaði
ECONADA—tengslanet, samstarf við Norðmenn	
FSC-sink (The Forest Soil Carbon-sink Nordic Network)	
Svepprætur í skógrækt	
Skaftafellsheiði	
ERMOND—Ástand vistkerfa og þol gagnvart náttúruvá	
Ýmir—gagnagrunnur um íslenskan jarðveg	
Áhrif loftslagsbreytinga á líkfríki jökulskerja	
Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey	
Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir	
Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)	
Langtíma umhverfissvöktun á vatnasviði í Borgarfirði	
Mýrlendi á norðurslóðum	
Álkol—samstarf við Alcan um endurheimt votlendis	
Endurheimt vatna	
Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf	
Strókur—hreyfing á sandi og ösku á Suðurlandi	

Rekstrar- og þjónustusvið

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Kynningar- og tölvumál heyra einnig undir rekstrarsvið.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Tveir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Tveir starfsmenn í hlutastarfi vinna við bókasafnið.

Hvanneyrarbúið ehf er alfarið í eigu skólans og rekur kúabú á Hvanneyri. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina. Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis- og umhverfisvísindi.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðræktar- og umhverfissrannsókna.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú Landbúnaðarháskóla Íslands í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbóta- og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Jörðin hefur einnig verið nýtt til rannsókna í umhverfismálum m.a. varðandi endurheimt votlendis.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* var búrekstur á jörðinni lagður niður en hluti af húsakosti og landi hefur verið leigt út. Aðstaða er enn til jarðræktarrannsókna og eins er aðstaða í Eggertsfjosi enn nýtt til rannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Kennsluvið Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylrækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna.

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilrauna-reita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Rannsóknarstofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti vegna kennslu- og rannsóknaverkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum. Á Hvanneyri eru rannsóknastofur vegna kennslu og efnagreininga á fódri og gróðri.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Reikningar skólans fyrir 2016 hafa verið staðfestir af Ríkisendurskoðun og eru svohljóðandi:

	Reikningur 2016	Reikningur 2015
Tekjur		
Sértekjur	568.600.939	509.274.860
Aðrar rekstrartekjur	28.940.610	31.460.947
Tekjur samtals	597.541.549	540.735.807
Gjöld		
Laun	715.417.217	680.950.909
Rekstrarkostnaður	551.474.149	486.103.810
Afskriftir	-329.240	27.392.712
Gjöld samtals	1.266.562.126	1.194.447.431
Tekjur umfram gjöld	-669.020.577	-653.711.624
Framlag ríkissjóðs	736.800.000	686.200.000
Hagnaður/tap ársins	67.779.423	32.488.376

Útgáfa

Rit nr. 63

Áhrif ljósstyrks á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsajarðarberja að vetri

Höfundur: Christina Stadler.

Rit nr. 64

Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum

Höfundar: Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir.

Rit nr. 65

Flúor í beinum sauðfjár, hrossa og heysýnum

Höfundur: Charlotta Oddsdóttir. Ritið er í vinnslu.

Rit nr. 66

Rannsóknir á flúor í náttúru Íslands - samantekt heimilda

Höfundur: Helena Marta Stefánsdóttir.

Rit nr. 67

Jarðræktarrannsóknir 2015

Höfundur: Þórdís Anna Kristjánsdóttir.

Rit nr. 68

Dýrabein í rofsári í Keravík í Súgandafirði

Höfundar: Albína Hulda Pálsdóttir og Eypór Eðvarðsson.

Rit nr. 69

Fornleifarannsókn á Miðbæ í Flatey , ágúst 2009: Frumskýrsla

Höfundur: Albína Hulda Pálsdóttir.

Rit nr. 70

Staða nautakjötsframleiðslu á Íslandi og framtíðarmöguleikar

Höfundur: Þóroddur Sveinsson.

Rit nr. 71

Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Staða og framtíðarhorfur 2016

Samanburðarsafn LbhÍ - listi yfir sýni í safninu / AUI Reference collection

Höfundar: Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir.

Rit nr. 72

Áhrif ljósstyrks á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsajarðarberja að vetri - önnur tilraun

Höfundur: Christina Stadler.

Rit nr. 73

Dýrabeinasafnið á Granastöðum: Minnisblað

Höfundur: Albína Hulda Pálsdóttir. Ritið er í vinnslu.

Rit nr. 74

Áhrif mismunandi LED lýsingar á uppskeru og gæði gróðurhúsasalats að vetri

Höfundur: Christina Stadler.

Rit nr. 75

Tilraunir með þvagefni sem nituráburð

Höfundar: Guðni Þorvaldsson, Þóroddur Sveinsson, Þórdís Anna Kristjánsdóttir og Jónatan Hermannsson.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agriculture Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir. Ritið er alþjóðlegt ritrynt vísindarit listað í ISI web of science.

Ritaskrá starfsmanna - ritrýnt efni

Ritrýnt efni úr flokkum A2.1, A2.2, A2.3, A3.1, A3.2, A3.3, A4.1, A4.2, A4.3 og A5.1 í matskerfi opinberra háskóla

Sigurdsson, B.D., Leblans, N.I.W., Dauwe, S., Guðmundsdóttir, E., Gundersen, P., **Gunnarsdóttir, G.E.,** Holmstrup, M., Ilieva-Makulec, K., Kätterer, T., Marteinsdóttir, B., Maljanen, M., Oddsdóttir, E.S., Ostonen, I., Peñuelas, J., Poeplau, C., Richter, A., Sigurðsson, P., Van Bodegom, P.M., Wallander, H., Weedon, J. & Janssens, I. (2016). Geothermal ecosystems as natural climate change experiments: the ForHot research site in Iceland as a case study. *Icelandic Agricultural Sciences*, 29, 53-71.
<http://dx.doi.org/10.16886/IAS.2016.05>

Davidsdóttir, B., Gunnarsson, T.G., Halldorsson, G. & **Sigurdsson, B.D.** (2016). Avian abundance and communities in areas revegetated with exotic versus native plant species. *Icelandic Agricultural Sciences* 29, 21-37. <http://dx.doi.org/10.16886/IAS.2016.03>.

Hasper, T.B., Wallin, G., Lamba, S., Hall, M., Jaramillo, F., Laudon, H., Linder, S., Medhurst, J.L., Röntfors, M., **Sigurdsson, B.D.** & Uddling, J. (2016). Water use by Swedish boreal forests in a changing climate. *Functional Ecology*, 30(5), 690-699.
<http://dx.doi.org/10.1111/1365-2435.12546>

Wutke S., Benecke N., Sandoval-Castellanos E., Döhle H.-J., Friederich S., Gonzalez J., **Hallsson J. H.,** Hofreiter M., Lõugas L., Magnell O., Morales-Muniz A., Orlando L., **Pálsdóttir A. H.,** Reissmann M., Ruttka M., Trinks A. & Ludwig A. 2016. Spotted phenotypes in horses lost attractiveness in the Middle Ages. *Scientific Reports* 6, article no. 38548.
<https://dx.doi.org/10.1038/srep38548>

Wutke, S., Andersson, L., Benecke, N., Sandoval-Castellanos, E., Gonzalez, J., **Hallsson, J. H.,** Lõugas, L., Magnell, O., Morales-Muniz, A., Orlando, L., **Pálsdóttir, A. H.,** Reissmann, M., Muñoz-Rodríguez, M. B., Ruttka, M., Trinks, A., Hofreiter, M. & Ludwig, A. (2016). The origin of ambling horses. *Current Biology*, 26(15), R697–R699.
<http://dx.doi.org/10.1016/j.cub.2016.07.001>

Zhang, Y., **Aradottir, A. L.**, Serpe, M. & Boeken, B. (2016). Interactions of Biological Soil Crusts with Vascular Plants. Pp. 385-406 in Weber, B., Büdel, B. & Belnap, J., eds., *Biological Soil Crusts: An Organizing Principle in Drylands*. Springer International Publishing, Switzerland.

Nilsson, C., **Aradottir, A. L.**, Hagen, D., Halldórsson, G., Høegh, K., Mitchell, R. J., Raulund-Rasmussen, K., Svavarsdóttir, K., Tolvanen, A. & Wilson, S. D. (2016). Evaluating the process of ecological restoration. *Ecology and Society* 21(1):41.
<http://dx.doi.org/10.5751/ES-08289-210141>

Kristín Svavarsdóttir, Menja von Schmalensee, **Ása L. Aradóttir**, Anne Bau & Róbert A. Stefánsson. (2016). Áhrif sláttar og eitrunar á lúpínubreiður og gróðurfar. Náttúrufræðingurinn 86: 5-18.

Dragosics, M., Meinander, O., Jónsdóttir, T., Dürig, T., De Leeuw, G., Pálsson, F., **Dagsson-Waldhauserová, P.**, and Thorsteinsson, T. (2016). Insulation effects of Icelandic dust and volcanic ash on snow and ice. *Arabian Journal of Geosciences*, 9, 126.
[doi:10.1007/s12517-015-2224-6](https://doi.org/10.1007/s12517-015-2224-6).

Vignelles, D., Roberts, T.J., Carboni, E., Ilyinskaya, E., Pfeffer, M., **Dagsson Waldhauserova, P.**, Schmidt, A., Berthet, G., Jegou, F., Renard, J.-B., Ólafsson, H., Bergsson, B., Yeo, R., Reynisson, N. Fannar, Grainger, R.G., Galle, B., Conde, V., Arellano, S., Lurton, T., Coute, B. & Duverger, V. (2016). Balloon-borne measurement of the aerosol size distribution from an Icelandic flood basalt eruption. *Earth and Planetary Science Letters*, 453, 252-259.

<http://dx.doi.org/10.1016/j.epsl.2016.08.027>

Renard, J.-B., Dulac, F., Berthet, G., Lurton, T., Vignelles, D., Jégou, F., Tonnelier, T., Jeannot, M., Couté, B., Akiki, R., Verdier, N., Mallet, M., Gensdarmes, F., Charpentier, P., Mesmin, S., Duverger, V., Dupont, J.-C., Elias, T., Crenn, V., Sciare, J., Zieger, P., Salter, M., Roberts, T., Giacomoni, J., Gobbi, M., Hamonou, E., Olafsson, H., **Dagsson-Waldhauserova, P.**, Camy-Peyret, C., Mazel, C., Décamps, T., Piringer, M., Surcin, J. & Daugeron, D. (2016). LOAC: a small aerosol optical counter/sizer for ground-based and balloon measurements of the size distribution and nature of atmospheric particles – Part 2: First results from balloon and unmanned aerial vehicle flights. *Atmospheric Measurement Techniques*, 9, 3673-3686.

<http://dx.doi.org/10.5194/amt-9-3673-2016> .

Svensson, J., Virkkula, A., Meinander, O., Kivekäs, N., Hannula, H.-R., Järvinen, O., Peltoniemi, J.I., Gritsevich, M., Heikkilä, A., Kontu, A., Neitola, K., Brus, D., **Dagsson-Waldhauserova, P.**, Anttila, K., Vehkamäki, M., Hienola, A., de Leeuw, G. & Lihavainen, H. (2016). Soot-doped natural snow and its albedo — results from field experiments. *Boreal Environment Research*, 21, 481–503.

<http://hdl.handle.net/10138/172963>

Yoshida, A., Moteki, M., Ohata, S., Mori, T., Tada, R., **Dagsson-Waldhauserova, P.** & Kondo, Y. (2016). Detections of light-absorbing iron oxide particles using a single-particle soot photometer. *Aerosol Science Technology*, 50, 3.

<http://dx.doi.org/10.1080/02786826.2016.1146402>

Bartik, M., Janco, M., Strelcova, K., Skvareninova, J., Skvarenina, J., Miklos, M., Vido, J. & **Dagsson-Waldhauserova, P.** (2016). Rainfall interception in a disturbed montane spruce (*Picea abies*) stand in the West Tatra Mountains. *Biologia*, 71, 9, 1002-1008.

<http://dx.doi.org/10.1515/biolog-2016-0119>.

Arnalds, O., Oskarsson, H., Gudmundsson, J., Brink, S.H. & Gísladóttir, F.O. 2016. Icelandic inland wetlands: Characteristics and extent of draining. *Wetlands*, 36, 759–769.

<http://dx.doi.org/10.1007/s13157-016-0784-1>. Review paper.

Arnalds, O., Dagsson-Waldhauserova, P. & Olafsson, H. (2016). The Icelandic volcanic aeolian environment: Processes and impacts – A review. *Aeolian Research* 20, 176-195.

<http://dx.doi.org/10.1016/j.aeolia.2016.01.004>

Dagsson-Waldhauserova, P., Magnusdóttir, A.Ö., Olafsson, H. & Arnalds, O.

(2016). The spatial variation of dust particulate matter concentrations during two Icelandic dust storms in 2015. *Atmosphere* 7(6),77.

<http://dx.doi.org/10.3390/atmos7060077>

Meinander, O., **Dagsson-Waldhauserova, P. & Arnalds, O.** (2016). Icelandic volcanic dust can have a significant influence on the cryosphere in Greenland and elsewhere. Letter to the editor. *Polar Research* 35, 31313.

<http://dx.doi.org/10.3402/polar.v35.31313>.

Solberg, S., **Göransson, M.**, Petersen, M.A., Yndgaard, F. & Jeppson, S. (2016) Caraway essential oil composition: The role of location and genotype. *Biochemical Systematics and Ecology* 66: 351-357.

<http://dx.doi.org/10.1016/j.bse.2016.05.012>

Ross L. C., Austrheim G., Asheim L. J., Bjarnason G., Feilberg J., Fosaa A. M., Hester A. J., Holand O., Jonsdottir I. S., Mortensen L. E., Mysterud A., Olsen E., Skonhøft A., Speed J. D. M., Steinheim G., Thompson D. B. A. & **Thorhallsdottir A. G.** (2016). Sheep grazing in the North Atlantic region: A long-term perspective on environmental sustainability. *Ambio* 45(5), 551-566.

<http://dx.doi.org/10.1007/s13280-016-0771-z>

Kristjánsson T., Bjornsdottir S., **Albertsdottir E.**, **Sigurdsson A.**, Pourcelot P., Crevier-Denoix N. & **Arnason T.** (2016). Association of conformation and riding ability in Icelandic horses. *Livestock Science* 189, 91-101.

<http://dx.doi.org/10.1016/j.livsci.2016.05.010>

Kristjánsson T. & **Arnason T.** (2016). Heritability of economically important traits in the Atlantic cod *Gadus morhua* L. *Aquaculture Research* 47(2), 349-356.

<http://dx.doi.org/10.1111/are.12496>

Hejcman M., Hejcmanova P., Pavlu V. & **Thorhallsdottir A. G.** (2016). Forage quality of leaf fodder from the main woody species in Iceland and its potential use for livestock in the past and present. *Grass and Forage Science* 71(4), 649-658.

<http://dx.doi.org/10.1111/gfs.12224>

Aevarsdottir H., **Thorhallsdottir A. G.** & Sigurjonsdottir H. (2016). Foraging behaviour and plant selection in a herd of Icelandic goats. *Icelandic Agricultural Sciences* 29, 3-6.

<http://dx.doi.org/10.16886/ias.2016.01>

Kristjánsdóttir, S. & Sveinsson, J. R. (2016) Phantom suburbs out of the ashes. Pp. 242-259 in Gromark, S., Ilmonen, M., Paadam, K. & Støa, E. eds., *Ways of residing in transformation: Interdisciplinary perspectives*. Ashgate.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Agnes Ösp Magnúsdóttir	Sérfræðingur
Albína Hulda Pálsdóttir	Sérfræðingur
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor
Arna Garðarsdóttir	Mannauðsstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Auður Magnúsdóttir	Deildarforseti Auðlinda-og umhverfiseildar
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri Starfs- og endurmenntunardeild
Álfheiður B Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Áslaug Helgadóttir	Prófessor
Bára Sif Sigurjónsdóttir	Upplýsinga-, útgáfu- og kynningarmál
Berglind Orradóttir	Aðstoðarforstöðumaður Landgræðsluskóla HSÞ
Birna Kristín Baldursdóttir	Rannsóknasérfræðingur Auðlindadeild
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnastjóri í menntastofnun
Björn Þorsteinsson	Rektor
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson	Garðyrkjunemi
Charlotta Oddsdóttir	Lektor
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Ívarsdóttir	Lektor
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari Starfs- og endurmenntunardeild
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Emma Eypórsdóttir	Dósent
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Skólafulltrúi
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur við kennslu
Fanney Ósk Gísladóttir	Lektor
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorgrímur Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður Starfs- og endurmenntunardeild
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur

Nafn	Starfsheiti
Gunnar Reynisson	Kennari Starfs- og endurmenntunardeild
Gunnhildur Eva G. Gunnarsdóttir	Rannsóknarmaður
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskóla HSþ
Halldóra Traustadóttir	Skrifstofustjóri Landgræðsluskólans.
Haukur Þórðarson	Kennari Starfs- og endurmenntunardeild
Helena Guttormsdóttir	Lektor
Hlynur Óskarsson	Dósent
Hrafnhildur Baldursdóttir	Sérfræðingur
Hrannar Smári Hilmarsson	Sérfræðingur
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Aðstoðarmaður á rannsóknastofu
Jóhanna M Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Kristjánsson	Kennari Starfs- og endurmenntunardeild
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Dósent
Jón Kristófer Arnarson	Kennari Starfs- og endurmenntunardeild
Kristbjörg Þórey I Austfjörð	Bókari
Kristín Siemsen	Skrifstofustjóri rekstrarsviðs
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Fjármálastjóri
Leifur Sveinn Ársælsson	Matráður
Magnus Göransson	Doktorsnemi Auðlindadeild
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Már Guðmundsson	Umsjónarmaður útisvæða
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Skólafulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor.
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Námsbrautarstjóri Starfs- og endurmenntunardeild
Páll Sigurðsson	Doktorsnemi
Pétur Jónsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Aðjúkt
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Seyedmoeen Shayestehaminzadeh	Sumarstarf Rannsóknir
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúkt
Sigríður Ása Guðmundsdóttir	Bókari
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor
Símon Arnar Pálsson	Aðstoðarmaður húsvarðar

Nafn	Starfsheiti
Steinunn Garðarsdóttir	Sumarstarfmenn
Svava Brynja Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Sæmundur Sveinsson	Sérfræðingur Auðlindadeild
Úlfur Óskarsson	Lektor
Viðar Magnússon	Umsjónarmaður fasteigna
Þorkatla Inga Karlsdóttir	Ræstitæknir
Þorkell Þórðarson	Starfsmaður bús
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Lektor
Þórey Ólöf Gyldadóttir	Doktorsnemi Auðlindadeild
Þórir Freyr Flosason	Tölvumaður
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Alþjóðafulltrúi

Brautskráning LbhÍ 2016

Ræða rektors Landbúnaðarháskóla Íslands, Björns Þorsteinssonar, við útskrift 3. júní í Hjálmakletti

Kæru útskriftarnemar, aðstandendur, starfsmenn og aðrir gestir

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar.

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands útskrifast á þessu vori yfir 90 manns. Þar af í hér dag um 70 en sl. laugardag voru úrskrifaðir frá garðyrkjuskólanum á Reykjum 25 nemendur, þ.e. 15 í garðyrkjuframleiðslu og 10 í skrudgarðyrkju.

Fyrir Landbúnaðarháskólann hafa síðustu misserin einkennst af pólitískum hræringum og biðstöðu. Á sama tíma hefur verið stigin glíma innanbúðar hjá skólanum við að laga reksturinn að fjárveitingum. Mjög litlu munaði að við næðum endum saman við uppgjör ársins 2014, en við uppgjör ársins 2015 náðist í fyrsta sinn afgangur af rekstrinum þannig að skólinn gat byrjað að greiða upp í skuld sína við ríkissjóð í samræmi við kröfur menntamálaráðuneytisins.

Þessi árangur náðist m.a. vegna tímabundinna viðbótafjárveitingar sem fengust frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, sem við erum einnig aðnjótandi nú á yfirstandandi ári, en um framhaldið fyrir árið 2017 og áfram er þó með öllu óljóst.

Til að tryggja lífskjör á Íslandi til framtíðar er nauðsynlegt að efla alla þekkingu og menntun því þekking er grundvöllur verðmætasköpunar. Í þeim löndum þar sem rannsóknir og háskólamenntun hafa fengið góðan stuðning má finna öflugustu fyrirtæki samtímans og lífskjör almennings eru með besta móti.

En fræðileg þekking er ekki nægileg ein sér, samfélagið þarf einnig fjölbreytta verkmennt sem nýtir fræðilega þekkingu í hagnýtum tilgangi.

Á Íslandi sjáum við mikla þróun í þekkingarfyrirtækjum sem orðið hafa til á síðustu tveimur áratugum. Stór hluti af þeirri verðmætaaukningu sem orðið hefur í hefðbundnum atvinnugreinum, eins og landbúnaði og sjávarútvegi, byggja á þeirri tækni og þekkingu sem myndast hefur í háskólum, rannsóknastofnunum og ýmsum tæknifyrirtækjum –

Því er nauðsynlegt efla háskólakerfið á Íslandi svo unnt sé að byggja samfélag þar sem verðmætasköpun byggir á hugviti og þekkingu, í umhverfi sem er jafnframt virkur bakhjarl fyrir starfsmenntanám og verkmennt.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2014–2016 segir að fjármögnun háskóla skuli að minnsta kosti verða sambærileg við meðaltal aðildarríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) árið 2016 og Norðurlanda árið 2020. Til þess að svo megi verða þarf að setja milljarðatug inn í íslenska háskólakerfið.

Það var því með nokkurri eftirvæntingu sem háskólamenn biðu fjármálaáætlunar fyrir ríkissjóð sem kynnt var fyrir fáum vikum síðan. Það olli hins vegar miklum vonbrigðum aðeins er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu fyrir háskólastigið um 6% fram til ársins 2021.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur gagnvart stefnumörkun stjórnvalda um háskólastigið lagt áherslu á að skóli eins og okkar sem er einn um að sinna afmörkuðum sérsviðum sé gert kleift að reka fámennar námsbrautir og sérhæfð rannsóknasvið með skírskotun til þjóðarhagsmuna varðandi öflun, viðhald og miðlun þekkingar á fræðasviðum sínum. Þetta eigi sérstaklega við um sérsvið sem varðar séríslenskan raunveruleika á borð við íslenska auðlindanýtingu og íslenska náttúru, eða tengist íslenskri menningu eða lagaumhverfi með sérstökum hætti.

Menntamálaráðherra setti nýlega á fót starfshóp sem vinna skal að því að þróafagháskólanám þannig að háskólar geti haft í boði starfstengdar námsbrautir í takt við þarfir atvinnulífsins.

Þetta skuli gert með tilvísun til þess að fagháskólanám geti í sumum tilfellum brúað bil á milli framhaldsskólastigs og háskólastigs, þar sem fyrri hluti þess gæti fallið undir viðbótarnám við framhaldsskóla en háskólagráða sé veitt af viðurkenndum háskóla. Segja má að starfsmenntanám Landbúnaðarháskólans í búfræði og garðyrkju geti komið til sérstakrar skoðunar í þessu samhengi þar sem það er á hæfniprepi sem liggur á mótum framhaldsskóla og háskóla og er einmitt starfstengt nám tengt atvinnulífinu. Landbúnaðarháskólinn hefur t.d. í samstarfi við Háskólann á Bifröst mótað hugmynd að nýju námi búrekstrarfræði, sem skólarnir eru til í að bjóða fram sem nýtt verkefni á fagháskólastigi.

Í sambandi við samspil háskóla og atvinnulífs er verið að ýta fleiri verkefnum úr vör og má þar nefna nýtt verkefni um svokallaða sameiginlega tæknifyrirkæfsluskrifstofu háskóla, rannsóknastofnana og fleiri aðila sem hefur það að markmiði að aðstoða við meðferð uppfinninga, hugverkavernd og hagnýtingu vísindastarfs og efla þannig nýsköpun og atvinnulíf. Stofnfundur þessarar skrifstofu stendur yfir einmitt núna í dag undir forystu eins af fyrrverandi samstarfsmönnum okkar á Keldnaholti Einars Mäntylä sem var í sinni tíð einn af stofnendum Orf Líftækni eitt sinn sprotafyrirtæki sem nú blómstrar á sínu sviði.

Sameiginleg tæknifyrirkæfsluskrifstofa er eitt dæmi af fjölmörgum viðfangsefnum sem hentar vel að gera í samstarfi en hentar ekki fyrir smærri stofnanir að gera einar. Samstarf bæði opinberu háskólanna og háskólastigsins alls hefur verið vettvangur árangursríks samstarfs í mörgum efnum síðan því var komið á. – Opinberu háskólarnir hafa sameinast um sameiginlegt gagnakerfi – Uglu og ýmis önnur málefni sem hefur orðið öllum að gagni. Í þessu hafa skapast fagleg tengsl milli stjórnsýslueininga skólanna sem ekki voru fyrir hendi áður. Nýlega efndum við til samstarfs við Hólaskóla og Háskóla Íslands um sameiginlegan námsráðgjafa og samstarf um námsráðgjöf sem lofar mjög góðu. Á þessum vettvangi bjóðum við Helgu Helgadóttur námsráðgjafa velkomna til starfa.

Gæðaráð og ráðgjafanefnd gæðaráðs háskóla hefur einnig verið mjög gagnlegur vettvangur þar sem fara fram umræður um aðferðir til að bæta starfsemi þessara stofnana og menn skiptast á reynslu, aðferðum og sýn auk þess að vera vettvangur hinna formlegu úttekta. Nú er lokið fyrsta hring gæðaúttektar gæðaráðs á íslenskum háskólum sem hefur gagnvart Landbúnaðarháskóla Íslands verið fyrirhafnarsamur en ánægjulegur ferill þar sem skólinn nýtur traust á þeim þáttum sem teknir voru til mats.

Til þess að efla stöðu gæðamála þá hefur einn starfsmanna okkar tekið að sér nýtt verkefni, en frá síðustu áramótum hefur Brita Berglund tekið við hlutverki sviðsstjóra Kennslu- og gæðamála í hálfu starfi við skólann. Hún hafði áður um nokkurt skeið verið verkefnisstjóri í gæðamálum – en ég býð Britu velkomna til starfa á þessum vettvangi. Þá var í upphafi skólaársins ráðinn nýr kennari í umhverfisskipulagi, Edda Ívarsdóttir landslagsarkitekt sem einnig er boðin velkomin í nýtt starf.

Aðrar mannabreytingar eru þær að Áslaug Helgadóttir sem verið hefur annar tveggja aðstoðarrektora skólans frá 2005 óskaði eftir lausn frá þeim störfum um síðustu áramót en heldur áfram sem umsjónarmaður rannsóknarnáms.

Tveir starfsmenn sem hafa sinnt meðfram kennslu- og rannsóknastörfum sínum námsbrautarstjórn frá upphafi skólans 2005 þær Anna Guðrún Þórhallsdóttir í Náttúru- og umhverfisfræði og Emma Eyþórsdóttir í búvísindum láta nú keflin í annarra hendur. Þessum þremur sómakonum eru þökkuð frábær frumkvöðlastörf í þágu skólans og fyrir að hafa staðið ósérhlífna vakt svo lengi sem raun ber vitni, en rannsókn- og kennsluverkefnið bíða óskiptra krafta þeirra.

Þá styttist í að Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri, láti af störfum fyrir aldurs sakir en sökum eðlis starfa hans þótti ófært annað en að ráða eftirmann hans nú þegar– en hlutskarpastur umsækjenda um starfið reyndist Hrannar Smári Hilmarsson sem er að útskrifast með meistaraþráðu frá skólanum nú en gat því miður ekki verið með okkur hér í dag. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Tryggvi Eiríksson fóðurfræðingur lauk einnig dyggu ævistarfi sínu við stofnunina fyrir nokkru. Við munum finna okkur tækifæri á síðsumri til að heiðra og fagna starfslokum með þeim Tryggva og Jónatan. Sigvaldi Lárus Guðmundsson sem veitt hefur forstöðu hestamiðstöð skólans á Mið-Fossum hætti störfum hjá okkur um áramót og hvarf til annarra starfa á sínu fagsviði. Heimir Gunnarsson sem hefur verið verkefnastjóri í Reiðmanninum í endurmenntun skólans er á förum til annarra starfa í Svíþjóð. Við þökkum þeim Heimi og Sigvalda farsæl störf og velgengni á nýjum vettvangi.

Þá stendur yfir ráðning deildarforseta sameinaðrar háskóladeildar skólans, en sameining auðlindadeildar og umhverfisdeildar sem nýlega tók gildi hefur m.a. það markmið að bæta þverfaglegt samtal innan stofnunarinnar og skapa breiðari og virkari aðkomu starfsmanna að mótun námsframboðs og stefnumörkun í kennslu og rannsóknum.

Hvað varðar húsakost og aðstöðu við skólann þá hafa Ríkiseignir haldið áfram viðhalds og endurbótaáætlun með fasteignir skólans bæði á Keldnaholti sem komið er í mjög gott stand og á Hvanneyri. Endurbætur á kjallahæð Ásgarðs náði ágætum áföngum í vetur með nýrri kennslustofu og þrekæfingaaðstöðu – Þá er verið að vinna að endurbótum á byggingum gamla staðarins á Hvanneyri.

Hvað varðar húsakost garðyrkjuskólans á Reykjum þá hefur hann ekki enn komist í skjól viðhalds- og legusamnings við Ríkiseignir sem er mjög brýnt.

Búreksturinn á Hvanneyri og Hesti í höndum nýrra aðila á breyttum forsendum gengur eftir góðum væntingum. Ríkir bjartsýni með, að þær ráðstafanir sem gripið var til, muni duga vel til að gera reksturinn vel í stakk búinn til að axla þau hlutverk sem honum eru ætluð fyrir á vegum skólans.

Hvað varðar Hvanneyrarsamfélagið þá vannst varnarsigur í grunnskólahaldi á staðnum nú á vormánuðum þannig að áfram verður kennt 1.-4. bekk á staðnum. Starfshópur á vegum Samtaka sveitarfélaga á vesturlandi er að skoða hvernig hægt verður að bæta almenningssamgöngur við staðinn nemendum, starfsmönnum og staðarbúum almennt til hagsbóta.

Landbúnaðarháskóli Íslands er háskóli lífs og lands. Það eru sífellt í gangi breytingar í landbúnaði og landbúnaðartengdri landnýtingu. Kröfur markaða breytast, framleiðslukerfi þróast. Viðhorf í umhverfis og náttúruvernd breytast um leið og við sjáum breytingar í byggðamynstri og þróun dreifbýlis og þéttbýlis. Það er sprenging í útþenslu ferðamennsku á Íslandi

Það eru sífellt tímamót í málaflokkum lífs og lands.

Kæru tilheyrendur:

Það er af þessum ástæðum sem nám við Landbúnaðarháskóla Íslands er nám framtíðarinnar. Hér sækja nemendur þekkingu sem varðar rót tilvistar okkar og framfærslu. Ísland bíður eftir fólki sem kann til verka á sviði auðlinda- og umhverfisfræða og þeirra verkmennta sem þessum fögum tilheyra. Á því þarf sjálfstæð þjóð að halda.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólaráði og öllum samstarfsaðilum gott samstarf á liðnu skólaári.

Kæru útskriftarnemar:

Góð menntun er gulls ígildi – þekkinguna tekur enginn frá manni, hún situr eftir þótt annað kunni að ganga úr greipum – á henni má byggja til framtíðar. Sjóðir þekkingarinnar eru digrir og þeirrar náttúru að eyðast ekki þótt af þeim sé tekið heldur vaxa stöðugt og örugglega. Þið hafi gengið í þessa sjóði og sótt ykkur skerf. Það veganesti mun reynast ykkur vel – það er okkar bjargfasta trú. Kæru útskriftarnemar – sumarið bíður og lífið er framundan.

Til hamingju með daginn!

Björn Þorsteinsson
rektor